

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Skjálfanda.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á árinu 2011 frá og með 1. júlí til og með 1. ágúst með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að Tjörnestá í norðri.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. - 7. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 368/2009 um sama efni.

Fiskistofu, 7. júní 2011.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

Hrefna Gísladóttir, forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs.